

Samræmd móttaka og inngilding íbúa af erlendum uppruna hjá sveitarfélögum á Vestfjörðum.



Unnið af Fræðslumiðstöð Vestfjarða fyrir Fjórðungssamband Vestfjarða

Halla Signý Kristjánsdóttir

Fjórðungssamband Vestfjarða (FV) fékk styrk í verkefni úr byggðaaætlun með vísan í aðgerð C.1 *Sértæk verkefni sóknaráætlanasvæða*. Vestfjarðastofa ber ábyrgð gagnvart FV um framfylgd verkefnisins, upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit en verkefninu var útvistað til Fræðslumiðstöðvar Vestfjarða.

Verkefnið snýr að því að þróa samræmda móttökuferla fyrir öll sveitarfélögin á Vestfjörðum, til að veita nýjum íbúum betri yfirsýn yfir þjónustu, félagsstarf, menningu og samfélögin sem þau eru að flytja til. Annar hlutinn snýr að því að vinna með sveitarfélögum að því að finna leiðir innan stjórnsýslunnar til þess að raddir íbúa af erlendum uppruna nái að heyrast hvort sem um er að ræða í sveitarstjórnunum, í gegnum formlegt nefndarstarf eða aðra ferla. Sveitarfélög á Vestfjörðum stefna á að verða inngildandi samfélag.

Í fyrsta verkþætti var gert ráð fyrir stöðugreiningu og gagnasöfnun hjá sveitarfélögunum á Vestfjörðum. Sendar voru spurningar til sveitarfélaganna átta sem tilheyra Fjórðungssambandinu.

Í öðrum verkþætti var stofnaður samráðshópur. Samráðshópurinn samanstóð af 8 fulltrúum allra sveitarfélaganna, hópurinn var stofnaður á vegum verkefnis um undirbúning fyrir Farsældarráð á Vestfjörðum. Fundað var með fjarfundarbúnaði.

Í byrjun september 2025 bjuggu rúmlega 7600 manns í átta sveitarfélögum á Vestfjörðum. Um 24% íbúa eru erlendir ríkisborgarar og hefur fjölbreytni samfélagsins aukist verulega á undanförunum árum. Inngilding íbúa af erlendum uppruna er lykilforsenda þess að tryggja jöfn tækifæri, farsæla aðlögun og virkra þátttöku allra í samfélaginu.

Með því að tryggja innflytjendum raunverulega aðkomu að ákvarðanatöku um eigin málefni er stuðlað að lýðræðisþátttöku, jafnrétti og mannréttindum. Samræmd móttaka og inngilding á vettvangi sveitarfélaga eflir samráð milli byggðarlaga, styrkir samfélögin í heild og auðveldar nýjum íbúum að festa rætur á Vestfjörðum.

Stefna í málefnum innflytjenda tengist inn í fjölda málaflokka þar sem málefni innflytjenda koma inn á alla þætti samfélagsins hjá öllum sveitarfélögum á Vestfjörðum. Þá getur stefnan haft áhrif á framtíðarstefnumótun á þann hátt að þær mótist af inngildandi markmiðum og þar með talið innviðum og þjónustu.

Íslensk málnefnd hefur getið út Íslenska [málstefnu 2021-2030](#). Í stefnunni er farið yfir áskoranir í íslensku málsamfélagi og minnt á að fjöldi barna og fullorðinna sem býr á Íslandi á ekki íslensku að móðurmáli. Því sé mikilvægt að veita þeim aðgang að samfélagi, menntakerfi, stjórnsýslu, heilbrigðisþjónustu og velferðarkerfi í gegnum íslenskt tal. Samfélagið þarf að efla aðgang að íslenskukennslu fyrir innflytjendur og efla málörvun, bæði í skólakerfinu og í samfélaginu sjálfu.



Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (SDGs) leggja áherslu á að enginn verði skilinn eftir. Þetta er kjarninn í sjálfbærni – að samfélög byggist á jafnrétti, þátttöku og jöfnum tækifærum fyrir alla. Innflytjendastefna snýr að því sama: að tryggja að nýir íbúar fái sanngjarna stöðu, aðgang að þjónustu og möguleika til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. Helstu tengingar eru:

Heimsmarkmið 1 – Engin fátækt: Markmiðið kallar á að draga úr félagslegri og efnahagslegri mismunun. Skýr innflytjendastefna getur stutt við að innflytjendur hafi aðgang að atvinnu, húsnæði og grunnþjónustu sem forðar þeim frá jaðarstöðu.

Heimsmarkmið 3- Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggju til grafar

Heimsmarkmið 4 – Menntun fyrir alla: Tungumálakennsla, viðurkenning á menntun og starfsreynslu innflytjenda og jöfn tækifæri í námi eru lykilatriði. Þannig er unnið gegn félagslegum hindrunum og hvatt til virkni í samfélaginu.

Heimsmarkmið 8 – Mannsæmandi atvinna og hagvöxtur: Innflytjendur eru mikilvægir fyrir vinnumarkaðinn, sérstaklega þar sem skortur er á starfsfólki. Með markvissri stefnu má tryggja að þeir fái réttlát kjör og njóti mannréttinda í starfi.

Heimsmarkmið 10 – Minni ójöfnuður: Með því að móta inngildandi innflytjendastefnu er dregið úr félagslegum og efnahagslegum aðskilnaði. Hún stuðlar að jafnari samfélagsgerð og eykur félagsauð.

Heimsmarkmið 11 – Sjálfbær borg og samfélög: Innflytjendur eru hluti af vaxandi samfélögum. Með því að tryggja aðkomu þeirra að ákvörðunartöku og skipulagi sveitarfélaga er stuðlað að fjölbreyttu og lifandi samfélagi.

Áherslan á inngildingu sem byggir á heimsmarkmiðunum felur í sér að horfa á innflytjendur ekki sem áskorun heldur sem tækifæri. Með því að virkja hæfileika, reynslu og fjölbreyttan bakgrunn innflytjenda styrkist íslenskt samfélag, efnahagslíf og menning.

Markmið

Tryggja að allir íbúar, óháð uppruna, hafi jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu. Samræma verklag sveitarfélaga á Vestfjörðum við móttöku nýrra íbúa. Efla

tungumálanám, félagslega þátttöku og aðgengi að upplýsingum. Stuðla að virku samtali milli innflytjenda og sveitarfélaga. Byggja upp traust, gagnsæi og félagslega samheldni. Tryggja að starfsfólk stofnana fái fræðslu um fjölmenningu.

Stefnan er sett upp í fjórum meginmarkmiðum

- A. Innflytjendur tilheyri og séu virkir þátttakendur í inngildandi samfélagi sem byggir á fjölbreytileika og jöfnum tækifærum.
- B. Samfélagið tryggi að innviðir mæti þörfum ólíkra samfélagshópa, þar með talið ólíkum hópum innflytjenda, og miðli upplýsingum á aðgengilegan hátt.
- C. Íslenskunám allra byggi á fjölbreyttum leiðum, sé hvetjandi og aðgengilegt þannig að það mæti þörfum innflytjenda og samfélagsins til samskipta jafnt í samfélaginu, í námi og á vinnumarkaði.
- D. Atvinnutækifæri, sveitarfélög á Vestfjörðum gangi á undan með góðu fordæmi til að jafna tækifæri til atvinnu og frumkvöðlastarfsemi.

Leiðarljós og gildi

Jafnrétti: Allir íbúar eiga að njóta jafnræðis í þjónustu og tækifærum.

Samvinna: Sveitarfélög vinna saman og nýta sameiginlega styrkleika svæðisins.

Virðing: Fjölbreytileiki í menningu, tungumáli og lífsháttum er metinn sem auðlind.

Inngilding: Nýir íbúar eru virkir þátttakendur í samfélaginu frá fyrsta degi.

Lýðræði: Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku um sín eigin málefni.

Aðgerðaráætlun

A. Inngilding

Stofna sameiginlegt þjónustuteymi sveitarfélaga sem styður við nýja íbúa. Þróa samræmda upplýsingaveitu á íslensku og helstu tungumálum innflytjenda. Upplýsingaveitan er móttökukerfi þar sem nýir íbúar fá leiðsögn um réttindi, skyldur og tækifæri.

B. Innviðir og samfélagsþátttaka

Virkja félagsmiðstöðvar, íþróttafélög og menningarfélög til inngildingarverkefna. Skipuleggja kynningardaga og menningarviðburði þar sem íbúar af ólíkum uppruna

koma saman. Stofna fjölmeningarráð eða samráðsvettvang þar sem innflytjendur hafa rödd í stefnumótun sveitarfélaga. Tryggja aðkomu innflytjenda að ákvarðanatöku um sín eigin málefni.

C. Tungumál og menntun

Tryggja gott aðgengi að íslenskunámi fyrir börn og fullorðna. Stuðla að þátttöku atvinnulífsins í tungumálastuðningi á vinnustöðum. Samstarf við skóla og leikskóla um fjöltyngi og menningarfræðslu. Stuðla að fjölmeningarfræðslu meðal starfsfólks sveitarfélaga.

D. Atvinnutækifæri

Sveitarfélög gangi á undan með góðu fordæmi til að jafna tækifæri til atvinnu og frumkvöðlastarfsemi.

Framkvæmd og eftirfylgni

Setja upp sameiginlega aðgerðaráætlun sveitarfélaga 2025–2030. Mæla árangur reglulega með þátttöku íbúa í menntun, atvinnu og félagsstarfi

Aðgerðaráætlun

A. Inngilding og þátttaka

Innflytjendur tilheyri og séu virkir þátttakendur í inngildandi samfélagi sem byggir á fjölbreytileika og jöfnum tækifærum.

A.1 Stofna sameiginlegt þjónustuteymi sveitarfélaga sem styður við nýja íbúa af erlendum uppruna.

Tímasetning: 2026

Ábyrgð: Sveitastjóri/oddviti

A.2 Þróa samræmda upplýsingaveitu á íslensku og helstu tungumálum innflytjenda. Upplýsingaveitan er móttökukerfi þar sem nýir íbúar fá leiðsögn um réttindi, skyldur og tækifæri.

Tímasetning: 2026

Ábyrgð: Sveitarstjóri/oddviti

A.3 Fylgjast með breytingum á samsetningu íbúa sveitarfélagna.

Tímasetning: 2026- 2030

Ábyrgð: Vestfjarðastofa

A.4 Kortleggja þátttöku íbúa af erlendum uppruna í íþróttastarfi barna og félagastarfi aldraðra.

Tímasetning: 2026

Ábyrgð: Vestfjarðastofa

A.5 Fylgjast með þróun á þátttöku íbúa af erlendum uppruna í féлага- og íþróttastarfi barna.

Tímasetning: 2026- 2030

Ábyrgð: Vestfjarðastofa

A.6 Sýnileiki og þátttaka íbúa af erlendum uppruna í stjórnsýslu sveitarfélaga. Stofna samráðshópa/fjölmenningsráð innan sveitarfélaga sem koma að stefnumótun og ákvörðunum sem varða þjónustu, menningu og samfélagsmál.

Tímasetning: 2026- 2030

Ábyrgð: Sveitarstjóri/oddviti

B. Innviðir.

Samfélagið tryggi að innviðir mæti þörfum ólíkra samfélagshópa, þar með talið ólíkum hópum innflytjenda, og miðli upplýsingum á aðgengilegan hátt.

B. 1 Stefnur og samþykktir

Farið yfir stefnur og samþykktir sveitarfélaga með það í huga hvort þær þjóni þeim markmiðum um að þær séu inngildandi fyrir íbúa af erlendum uppruna og þær endurskoðaðar með því tilliti.

Tímasetning: 2027

Ábyrgð: Sveitarstjóri/oddviti

B.2 Snemmtækur stuðningur við flóttafólk samkvæmt samningi um móttöku flóttafólks.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Sveitarstjóri/oddviti

C. Samskipti og tungumál

Íslenskunám allra byggja á fjölbreyttum leiðum, sé hvetjandi og aðgengilegt þannig að það mæti þörfum innflytjenda og samfélagsins til samskipta jafnt í samfélaginu, í námi og á vinnumarkaði.

Markmið

Samfélag snýst um samskipti og er tungumálið lykill að samskiptum. Tungumálið er speglar leiðarljós stefnunnar sem er jafnrétti, samvinna, virðingu, inngildingu og lýðræði.

Tungumálið er lykillinn að samfélaginu fyrir innflytjendur.

C.1 Tryggja framboð og aðgengi að hagnýtu námi í íslensku. Markmiðið er svara þörf sem innflytjendur óska eftir með aðgengi að íslenskunámi í báðum opinberum tungumálum landsins, íslensku og íslensku táknmáli.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Mannauðsstjóri/sveitarstjóri/Fræðslumiðstöð Vestfjarða

C.2. Tryggja framboð og aðgengi að fjölmeningarnámi fyrir starfsmenn sveitarfélaganna með kynningu á framboði og hvatningu.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Mannauðsstjóri/sveitarstjóri/Fræðslumiðstöð Vestfjarða

C.3 Samstarf við atvinnulíf og sveitarfélög um íslenskukennslu á vinnustöðum

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Fræðslumiðstöð Vestfjarða

C.4 Skilningur ríkir og hvati er til notkunar íslensku í samskiptum innflytjenda og innlendra.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: sviðstjórar/sveitarstjóri

D. Atvinnumál

Samfélög á Vestfjörðum búa yfir fjölmörgum tækifærum hvað varðar atvinnu. Það er mikilvægt að nýta allan þann mannauð sem samfélögin búa yfir í því felst samfélagslegur ábati.

D.1 Sveitarfélög gangi á undan með góðu fordæmi við auglýsingar starfa og ráðningaferli sem hvetji alla íbúa til að sækja um störf.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Mannauðsstjóri/sveitarstjóri

D.2. Leita leiða í samvinnu við Vinnumálastofnun og menntastofnanir til að auka starfspjálfun og endurmenntun og þar með starfmöguleika innflytjenda.

Tímasetning: 2026-2030

Ábyrgð: Mannauðsstjóri/sveitarstjóri

Skilgreining hugtaka

Hér er stuðst við hugtök úr Hvítbók í málefnum innflytjenda gefin út af Félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu 2024.

Döff vísar til þess fólks sem er heyrnarlaust, talar táknmál og á táknmál sem sitt fyrsta mál. Á sama hátt og aðrir innflytjendur eiga ekki íslensku sem sitt fyrsta mál eiga döff innflytjendur ekki íslenskt táknmál sem sitt fyrsta mál.

Fjölmennning (e. multiculturalism) vísar til þess að samfélag sé byggt upp af ólíkri menningu sem þrífst í samvist hver við aðra. Fjölmennning er oftast notað í samsetningum svo sem fjölmenningsarsamfélag eða fjölmenningsarskólastarf. Fjölmennning þýðir að hver og einn á rétt til að viðhalda eigin menningu og einnig að hægt er að tilheyra fleiri en einni menningu. Hugtakið vísar til félagslegrar samheldni ólíkra menningarhópa.

Flóttafólk er sá sem er utan heimalands síns eða ríkisfangslaus einstaklingur sem er utan þess lands þar sem hann hafði reglulegt aðsetur, vegna ástæðuríks ótta um að verða ofsóttur vegna kynþáttar, trúarbragða, þjóðernis, aðildar að tilteknum þjóðfélagshópi eða vegna stjórnmálaskoðana og getur ekki eða vill ekki vegna slíks ótta færa sér í nyt vernd þess lands. Í stefnu þessari er flóttafólk þeir einstaklingar sem fengið hafa viðurkenningu íslenska ríkisins á stöðu sinni sem flóttafólk.

Innflytjandi er sá sem fæddur er erlendis og á foreldra og afa og ömmur sem öll eru fædd erlendis. Innflytjandi getur verið jafnt erlendur og/eða íslenskur ríkisborgari.

Inngilding (e. inclusion) er tiltölulega nýtt hugtak í íslensku og þýðir að gert er ráð fyrir fjölbreytileika fólks í öllum aðstæðum. Inngilding vísar til þess að ábyrgð á því að gert sé ráð fyrir fjölbreytileika liggur ekki hjá einum aðila heldur mörgum – hjá samfélaginu í heild sem og einstaklingum innan þess. Inngilding vísar því til samskipta og kerfa sem byggja á samábyrgð. Þannig er inngilding ólíkt hugtökum á borð við aðlögun (e. integration) sem vísar til einstefnu í ábyrgð þar sem sá sem er í minnihluta ber ábyrgð á að aðlagast aðstæðum meirihlutans. Orðið er oftast notað í samhengi með öðrum orðum líkt og inngildandi samfélag eða inngildandi heilbrigðisþjónusta, svo eitthvað sé nefnt.

Inngildandi samfélag (e. inclusive society) vísar til ákveðinnar samfélagsgerðar þar sem ávallt er gert ráð fyrir fjölbreytileika fólks. Samfélagið byggir á möguleika allra til virkrar þátttöku og meðvitað eru teknar ákvarðanir sem tryggja tækifæri og möguleika ólíkra hópa til virkrar þátttöku í samfélaginu. Inngildandi samfélag byggir ekki einvörðungu á möguleikum til þátttöku heldur tryggir jafnframt að ólíkir hópar fólks eigi þess kost að koma að ákvarðanatöku í samfélaginu.

Innlendur er sá sem ekki fellur undir skilgreiningu á innflytjanda. Innlendirir geta því verið einstaklingar með engan erlendan bakgrunn, einstaklingar með engan erlendan bakgrunn sem eru fæddir erlendis, einstaklingar sem eru fæddir á Íslandi og annað foreldri er erlent, og einstaklingar sem eru fæddir erlendis, eiga foreldra sem fæddir eru erlendis en a.m.k. eina ömmu eða afa sem fædd/ur er á Íslandi.

Töflur

Hlutfall innflytjenda eftir fjölda og heildarfjölda barna í sveitarfélögum á Vestfjörðum					Hlutfall af
	innflytjendur 0-18 ára	börn alls 0-18 ár	íbúar alls	hlutf. Innfl	hl. heild
Bolungarvíkurkaupstaður	59	215	989	27%	6%
Ísafjarðarbær	141	820	3797	17%	4%
Reykholahreppur	3	50	236	6%	1%
Vesturbyggð (Tálknafjörður)	57	262	1356	22%	4%
Súðavíkurhreppur	20	37	219	54%	9%
Árneshreppur	0	3	53	0%	0%
Kaldrananeshreppur	4	14	104	29%	4%
Strandabyggð	2	74	414	3%	0%
Samtals	286	1475	7168	19%	4%
Innflytjandi er átt við einstakling sem fæddur er erlendis og á foreldra sem báðir eru fæddir erlendis.					

Fjöldi innflytjenda í sveitastjórnunum 1. sept 2025					
				alls í	þar af
Sveitarfélög	íbúar alls	Erl. ríkisb	%	Sveitastjórn	innflyt.
Árneshreppur	61	5	8,2%	5	1
Bolungarvík	1.029	244	23,7%	7	2
Ísafjarðarbær	4.093	981	24,0%	9	0
Súðavík	232	85	36,6%	5	1
Kaldrananeshreppur	124	25	20,2%	5	0
Reykholahreppur	230	29	12,6%	5	0
Strandabyggð	424	52	12,3%	5	0
Vesturbyggð	1.435	440	30,7%	7	0
samtals	7.628	1861	24%	48	4